

Ágæti félagsmaður,

1. júlí 2005

I. Sauðfé - Verðskrá haustsins

Verðskrá : Á stjórnarfundum SS 30. júní var ákveðið að félagið myndi greiða í sumar og haust til bænda fyrir dilkakjöt skv. eftirfarandi

verðskrá sem er hærri að meðaltali en viðmiðunarverð Landssambands sauðfjárþænda (LS). Verðskráin endurspeglar aukna áherslu

á bestu holdfyllingarflokkum með hóflega fitu. Auk þess var ákveðið að greiða 5-10% meira en viðmiðunarverð LS fyrir ærkjöt.

Verðskráin er eftirfarandi :

| Holdfylling/Fita | 1 | 2 | 3 | 3+ | 4 | 5 |
|------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| E | 342 | 342 | 323 | 295 | 221 | 195 |
| U | 341 | 341 | 323 | 294 | 220 | 194 |
| R | 312 | 324 | 304 | 255 | 199 | 193 |
| O | 285 | 309 | 254 | 251 | 198 | 192 |
| P | 244 | 243 | 243 | 243 | 198 | 192 |

Fyrir ærkjöt og aðra flokka veturgamals og eldra verður greitt 232 fyrir VR3, 199 fyrir VR4, 87 kr/kg fyrir VHR3 og FR3, 41 kr/kg fyrir FR4 og 46 kr/kg fyrir VHR4, VHP1 og FP1.

Útflutningsverð verður hækkað úr 165 í 200 kr/kg sem er 21% hækkun. **Allt kjöt sem fellur undir útflutningskvöð verður auk þess staðgreitt annan föstudag eftir innleggsviku.** Útflutningsverð gildir um flokka E-U, fituflokka 1-3 og flokka R-O, fituflokka 1-2. Greitt er hlutfallslega lægra fyrir aðra flokka m.v. mun á viðkomandi flokki og R2.

Eins og fram kom í síðasta

fréttabréfi mun SS staðgreiða innlagðar ær í vikum 36 og 37. Þessu hefur verið vel tekið af bændum og því ákveðið að bæta við einni viku. **Allar innlagðar ær í vikum 36-38 [5.-23. sept.] verða staðgreiddar.** Ær verða teknar til slátrunar í öðrum vikum frá upphafi slátrunar utan tímans 26/9 - 31/10 en verða aðeins staðgreiddar þessar 3 vikur.

Ljóst er að mikil verðhækkun á innanlandshluta innleggs, enn meiri hækkun á útflutningshluta og minnkun útflutningsskyldu auk staðgreiðslu útflutningshluta bætir hag sauðfjárþænda mjög mikið og má meta þessa hækkun til 21-22%

hækkunar meðalverðs og er þá ekki tekinn inn ávinningur af staðgreiðslu ærkjöts í 3 vikur eða hækkun á yfirborgunum SS.

Slátur/gætur: Félagið mun greiða 90 kr/stk fyrir dilkaslátur. Slátur er staðgreitt í staðgreiðsluvikum. Einnig er allt slátur af útflutningshluta innleggs staðgreitt. Annað slátur er viðskiptafært að fullu 15. des. Ekki er greitt fyrir slátur af fullorðnu.

Staða á gærumörkuðum er enn slæm og því ekki hægt að gefa upp endanlegt gæruverð á þessari stundu. Gætur verða greiddar að fullu inn á viðskiptareikninga 15. des. Ekki verður greitt fyrir rúnar

Viðtakandi:

gætur! Þær eru mjög verðlitrar í augum erlendra kaupenda.

Sláturkostnaður á heimtöku:

Gjald fyrir slátrun á heimteknu fé verður óbreytt, 94 kr/kg án vsk. Innleggjendum vestan Hellisheiðar er boðið að fá kjöt sitt sent á Fossháls. Ef kjötið er ekki sótt innan 2 daga verður það fryst. Sögun er boðin á heimteknu kjöti og er gjaldið 11 kr/kg fyrir 7 parta sögun og 19 kr/kg fyrir smásögun

auk vsk. Umbúðir eru innifaldar.

Að öðru leyti en hér kemur fram gildir allt sem fram kom í síðasta fréttabréfi, dags. 10/5/05, um skipulag slátrunar, pantanir og fleira. Bændur sem ætla að notfæra sér sumar- eða vetrar-slátrun eru hvattir til að panta sem fyrst.

Upplýsingar um innlegg hverrar deildar á síðasta ári eru að berast deildarstjórum og eru

bændur hvattir til að hafa samband við deildarstjóra sinn og koma til hans upplýsingum um áætlað innlegg næsta hausts til að skipuleggja megi haustslátrun.

Sala SS á kindakjöti gengur mjög vel og ljóst að allar geymslur verða tómar í haust. Því er góð staða til að sækja fram og hagkvæmt fyrir félagið að auka slátrun á komandi hausti um 5-10%.

II. Endurnýjun frystihúss á Selfossi

Endurbætur og viðgerðir á frystihúsinu á Selfossi eru vel á veg komnar. Skipt er um allt þak hússins og það hækkað sem eykur nálægt 20% það magn sem húsið rúmar. Auk þess er einangrun útveggja endurnýjuð. Húsið var upphaflega byggt árið 1948 og einangrað með korki auk rakavarnar úr tjörupappa. Vegna þess að rakavörn gaf sig var mikill

ís búinn að hlaðast yfir loftum frystiklefanna og allt burðarvirkið að sligast. Nýja þakið er gert úr samlokueiningum sem klæddar eru á stálgrind og eru bæði með einangrun og rakavörn. Ekkert falskt loft verður í geymslunum og því auðvelt að fylgjast með ástandi hússins.

Samhliða breytingum á húsinu er skipt um frystikerfi og

gamla spirálakerfið aflagt og þess í stað sett upp blástursfrystitæki. Þau skila hraðari frystingu og minni orkunotkun. Auk þess minnkar mikið það ammoníaks-magn sem er í lögnum sem er öryggisatriði á jarðskjálftasvæði.

Áætlað er að frysting hefjist í húsinu í byrjun september en frýstar á Hvolsvelli sjái um frystingu til þess tíma.



Stjórn og starfsmenn að skoða endurbyggingu. Frá vinstri : undirritaður, Hjalti fjármálastjóri, Jónas formaður, Hreiðar, Sigurlaug ritari, Guðmundur varastjórnarmaður, Hallfreður varaformaður og Aðalsteinn.



Hér má sjá gamla loftafráganginn með korksalla sem einangrun.

III. Afgreiðsludeild á Fosshálsi

Í afgreiðsludeild SS á Fosshálsi eru allar vörur teknar af lager, jafnt innflutningsvörur sem framleiðsluvörur, og afgreiddar til verslana og annarra viðskiptavina. Framleiðslu í verksmiðjunni á Hvolsvelli er stýrt eftir lagerstöðu og spá um sölu næstu daga. Afgreiðsludeildin býr við mjög þröngan kost vegna aukinna umsvifna sem kallar á góða skipu-

lagningu og léttu lund þeirra sem þar vinna. Afgreiðsludeildin sér um alla afgreiðslu fyrir Reykjagarð auk vara fyrir SS. Að meðaltali er afgreiðsludeildin að afgreiða vörur til 350-400 viðskiptavina á dag. Í viku hverri fara um 110-120 tn af vörum í gegnum afgreiðsludeildina auk innflutningsvara.

Yfir sumarið sinna um 30

manns þessum verkum að meðtöldum bílstjórum. Í hópnum eru 18 konur þar af ein bílstjóri og konur í meirihluta í flestum störfum þ.m.t. erfiðisvinnu við tiltekt og vigtun sem unnin er í hreinu akkorði sem greitt er með föstu gjaldi pr. kg óháð einstaklingum. Gunnar Ásmundsson er afgreiðslustjóri félagsins.



Dömunar í afgreiðsludeild. Þann dag sem myndin var tekin átti ein í hópnum 5tugs afmæli og önnur 3tugs afmæli

Sláturfélagið er að ljúka endurnýjun 4 flutningabifreiða og voru keyptar tvær stórar Volvo bifreiðir og tvær minni af Renault gerð til að leysa eldri bíla af hólmi.

SS hefur til sölu 5 notaða

flutningabíla á hagstæðu verði sem gætu hentað einhverjum úr hópi félagsmanna. Bifreiðarnar eru : Renault Midliner S180 árg. '97 grind, Renault Midlum 250.16C árg. '00 grind, Renault Messenger

árg. '96 m/kassa, lyftu og kæli, Benz 412D árg. '96 grind og VW LT46 árg. '98 einangraður m/kæli.

Áhugasamir komi skilaboðum til skiptiborðs SS í s. 575 6000.



Kristín bílstjóri við nýjan Volvo.



Einar Eiríksson verkstjóri á lager innflutningsvara ásamt Sólrunu, Ásmundi og Ingu.

Með kveðju,
Sláturfélag Suðurlands svf.

Steinþór Skúlason

Fyrirvari er gerður um prentvillur



Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík
Sími 575 6000